



Pési

Næsti Pési kemur út í sept 2016. Efni þarf að berast í síðasta lagi **7. sept** 2016.



Frá Bókasafni Hrunamanna



Opið:

Mánudaga KL 20-21

Þriðjudaga KL 16-18

Miðvikudaga KL 16-18

Frá og með 1. september verður líka opið á fimmtudögum frá kl. 16-18.

Lánstími safnefnis er 30 dagar nema annars sé getið.

Alltaf hægt að skila safngögnum í skilalúguna ☺

Verið hjartanlega velkomin.


Bókasafn Hrunamanna

Félagsheimilinu

Sími: 480 6628

Netfang: bokasafn@fludir.is

Heimasíða: <http://bokasafn.fludir.is/>



Sundlaugin á Flúðum.

Mánudaga til föstudaga: 17:00-21:00

Laugardaga og sunnudaga: 13:00-18:00



Tækjasalur í Íþróttahúsi.

Mánudaga, þriðjudaga og fimmtudaga 17:00-20:00.

Lokað á miðvikudögum og föstudögum.

Opnunartími mun breytast þegar skipulagðar íþróttæfingar hefjast

ágúst 2016
Ritstjóri og
ábyrgðarmaður
Jón G. Valgeirsson
Heimasíða: www.fludir.is

Umsjón. Svanhildur Pétursdóttir -
svanhildur@fludir.is

26. árgangur.
306.tölublað.
pesi@fludir.is.
Sími. 480 6600

Sveitarstjórapistill

Ágúst mánuður er runninn upp og eins og venjulega fer fólk að skila sér úr sumarfríum og hefðbundinn taktur tekur við. Skólarnir okkar fara að byrja sína starfsemi, Undraland þann 15. ágúst Flúðaskóli þann 22. ágúst nk. Það er óhætt að segja að sumarið hafi veðurfarslega verið einstakt og þó maður haldi að hugtakið „eins og elstu menn muna“ eigi ekki við um mann sjálfan man ég ekki eftir öðru eins sumri. Samfélagið okkar sem byggir mikið á ræktun og framleiðslu landbúnaðar-afurða njótum væntanlega góðrar uppskeru í haust. Þá hefur hefur ferðamannastraumurinn heldur ekki farið fram hjá okkur og þjónusta við hann er sem betur fer vaxandi í sveitarfélaginu. Vonandi verða enn fleiri tækifæri fyrir íbúa að selja þjónustu til ferðamanna í framtíðinni.

Það hefur nú svo sem ekki þurft að hafa sértakar hátíðir um helgar í sumar til þess að mikið af fólki sé á ferðinni hjá okkur. 17. júnihátíðarhöldin fóru fram 17. júní eins skrítið eins og það er. Ég vil þakka 17. júní nefndinni fyrir góð störf en það er ómetanlegt að fólk sé tilbúið að leggja á sig mikla vinnu fyrir okkur hina. „Mandlan“ fyrstu helgina í júlí var á rólegu nótunum en þá var gerð tilraun til að halda ball í Reiðhöllinni. Ég er viss um að reiðhöllin á eftir að hýsa ýmsa viðburði í framtíðinni og auka þannig möguleika svæðisins.

Verslunarmannahelgin var á sínum stað og fór vel fram þrátt fyrir sögulegt fjölmenni. Ég þakka ferða- og menningarnefnd sérstaklega fyrir mikla vinnu við að halda utan um skipulag á dagskrá helgarinnar og einnig Bessa sem var einskonar verkefnisstjóri viðburða helgarinnar. Dagskráin var fjölbreytt og mjög metnaðarfull og höfðaði greinilega til mikils fjölda fjölskyldufólks. Við megum þó aldrei gleyma því að okkar stefna er að halda fjölskylduhátíð en ekki útihátíð og það er eflaust takmörkunum háð hvað við getum með góðu tekið á móti mörgu fólki þessa helgi. Væntanlega hefur einstök veðurspá haft sitt að segja með fjöldann en nú var það nýmæli að sveitarfélagið og viðbragðsaðilar hittust eftir helgina og fóru yfir það sem vel gekk og hvað mætti betur fara. Ég vil þó þakka körfuboltadeild UMFH sérstaklega fyrir ruslátinslu og dósasöfnun um verslunarmannahelgina en það er ein af ástæðum þess að yfirbragð Flúðasvæðisins var miklu betra en oftast áður.

Lokahátíð sumarsins verður síðan Uppskeruhátíðin sem verður haldin laugardaginn 3. september n.k. Vil ég hvetja sveitunga og aðra að nýta sér þetta tækifæri til að kynna starfssemi sína á þessum degi og koma sér og sínu á framfæri.

Á vettvangi sveitarstjórnar hefur að venju verið rólegt sumar. Nú liggur fyrir hvernig fasteignamat í Hrunamannahreppi verður á árinu 2017 en það hækkar hóflega miðað við víða um land eða um rúmlega 4,7%. Það hefur tekist að koma flestum viðhaldsverkefnum af stað en eins og gengur þá þarf stundum að forgangsraða hjá okkur. Gatan niður í Torfdal er klár og vil ég hrósa Límtrésmönnum fyrir það framtak sitt að malbika plön og aðkomuleiðir að verksmiðjunni. Stærsta viðhaldsmál sveitarfélagsins var að skipta um hluta þaks á kennsluálmú Flúðaskóla en það er ljóst að við þurfum næstu árin að reyna okkar besta að halda viðhaldi skólans áfram.

Það eru aðeins breytingar í mannahaldi hjá sveitarfélaginu næsta vetur. Else Nielsen leysir Maju af í félagsmiðstöðinni og þá hefur Áslaug í bókasafninu óskað eftir að láta af störfum í haust og er verið að ráða í hennar stað. Þá er Lilja snúin til baka á skrifstofuna þannig að hér eru kunnugleg andlit í húsi. Þá hefur Árni Þór Hilmarsson verið ráðinn í 15% starf sem umsjónarmaður íþróttamannvirkja og þá upplýsist að hann var einnig ráðinn í 20% starf hjá UMFH. Veit ég að það hefur lengi verið draumur UMFH að geta haft starfsmann á sínum snærum og vonandi verður þetta til þess að gott æskulýðsstarf verður enn betra. Hins vegar vantar okkur enn að finna gott fólk til að sjá um félagsstarf fyrir aldraða í vetur og væru allar góðar ábendingar vel þegnar. Að lokum vil ég minna fólk á að huga að umhverfi sínu, klippingum á trjám og gróðri og höfum hugfast að við berum öll ábyrgð á umhverfi okkar.

Ég vil óska öllum góðra sumarloka og eigum gott haust saman.

Jón G. Valgeirsson

Sveitarstjóri

Skrifstofa Hrunamannahrepps.

Opnunartími.

Mánudaga til fimmtudaga: 09:00-12:00 og 13:00-16:00

Föstudaga: 09:00-12:30

HRUNAPRESTAKALL

Hestamannamessa, síðsumarmessa og uppskerumessa framundan!

Sunnudagur 14. ágúst: **Hestamannamessa í Stóra-Núpskirkju kl. 14.**

Fólk er hvatt til að koma ríðandi til messu. Hópreið leggur af stað úr Hrunamannahreppi frá Hrúna kl. 11. Allir velkomnir!

Sunnudagur 21. ágúst: **Síðsumarmessa í Tungufellskirkju kl. 14.**

Forsöngvari leiðir almennan safnaðarsöng.

Allir velkomnir!

Laugardagur 3. september: **Uppskerumessa kl. 11 í Hrunakirkju.**

Félagar úr kirkjukór leiða sönginn. Samvera fyrir alla fjölskylduna. Reiptog, pokahlaup og fleiri leikir eftir messu. Fjölskyldur fermingarbarna næsta vors hvattar til að mæta því messan markar upphaf fermingarundirbúningsins. Grillaðar pylsur og molasopi. Allir velkomnir!

ÁSÆL

Skemmti og vinnuferð

Fara á vinnuferð laugardaginn 20.ágúst.

Stefnt er að því að tyrfa í Svinárnesi og Leppistungum og sinna viðhaldi í Fosslæk. Að loknum degi verður svo grillað í Fosslæk í boði félagsins.

Vinsamlegast tilkynnið þátttöku eigi síðar en fimmtudagskvöldið 18.ágúst á mailið asaelkofavinafelag@gmail.com eða til Jóns í síma 781-2599.

Vonumst til að sjá sem flesta, margar hendur vinna létt verk.

Kveðja Stjórn ÁSÆL

Samkaup strax

Opnunartími Versl. Strax. Sumar 2016

Mánudaga til laugardaga 09:00-22:00

Sunnudaga 10:00-22:00

Verið velkomin.

Starfsfólk Versl.Samkaup strax

á Flúðum.

Sími 486 6633

fludir@samkaupstrax.is<mailto:fludir@samkaupstrax.is>



virding vitneskja Hrunamannahreppur, 845 Flúðir, sími 4806610, fax 4806616, fludaskoli@fludaskoli.is

Mötuneyti Flúðaskóla

Starfsmann vantar í 75 % starfshlutfall í mötuneyti Flúðaskóla. Laun samkvæmt kjarasamningi launanefndar sveitarfélaga og Bárunnar.

Viðkomandi þarf helst að geta hafið störf 15. ágúst 2016.

Upplýsingar veita Guðrún Pétursdóttir skólastjóri í síma 8471359 eða senda póst á gudrunp@fludaskoli.is og Bjarni Birgisson í síma 8993532

Uppskeruhátíð Hrunamanna.

Hin árlega uppskeruhátíð verður haldin þann 3.september næstkomandi

Þeir sem vilja panta söluborð er bent á að senda inn pantanir á netfangið

uppskeruhatid@gmail.com

Allar nánari upplýsingar um dagskrá dagsins koma síðar í dreifibréfi. Undirbúningsnefndin.



Opið alla daga

Verið hjartanlega velkomin!

Kaffi-Sel – Golfskálanum Efra-Seli

Sími 486-6454/891-7811/661-5935



Heimasíða: www.kaffisel.is

Netfang: info@kaffisel.is

Facebook: kaffisel



Hár-Hrun

Klippi í Félagsheimili Hrunamanna

Vinsamlegast pantið tíma

í síma: 486-5535 og 899 9665 Inga Birna.



Hjörleifur Ólafsson
Raffræðingur Löggiltur rafverktaki

Fossi
Hrunamannahreppi
845 Flúðir

Sími 662 0530
Fax 486 6432
fossi@fossi.is



Nýr TAXI á svæðinu sem mun þjónusta
Grímsnesið, Bláskógabyggð, Hrunamannahr og
Skeiða og Gnúpverjahr.

Og allar sumarbústaðabyggðir á þessum svæðum
eftir bestu getu.

TAXI DRIVER

Sími: 7760810 & 7831224

VIOLA snyrtistofa
Högnastíg 1 Flúðum.

GUINOT húðvörur fyrir dömur og herra
ALESSANDRO naglalökk og gloss
Meðferðir: Andlitsbað – Húðhreinsun – Fótsnyrting
– Handsnyrting – Vaxmeðferðir – Litun og plokkun.
Tímapantanir í Síma 856-1599



Kynnið ykkur fjölbreytta viðburðadagskrá á
www.upplit.is –allir velkomnir





Íbúar í dreifbýli

Munið að koma með slökkvitæki heimilisins til okkar í slökkvistöðina að Árvegi 1 Selfossi.

Þórarinn Magnússon, starfsmaður Slökkvitækjaþjónustunnar, mun taka á móti ykkur og skipta út tækjunum og afhenda rafhlöður í reykskynjara, ykkur að kostnaðarlausu samkvæmt þjónustusamningi við sveitarfélagin.

Nánari upplýsingar koma fram á heimasíðu B.A, www.babubabu.is eða í síma 4-800-900.

Daglegar vöruferðir í uppsveitir Árnessýslu - Selfoss - Hveragerði - Reykjavík

Brottför frá Flúðum kl. 8.00 alla virka morgna
og frá Nesfrakt í Reykjavík kl. 12.00.

Öllum vörum keyrt heim til viðtakanda.



Hafðu samband
Héðinsgata 1 - 3, 105 Reykjavík
Sími 533-2211 - www.nesfrakt.is
Beint samband í flutningabíl 773-1626

Nesfrakt

Skemmtiferð eldri borgara.

Árleg skemmtiferð eldri borgara á vegum Kvenfélags Hrunamanna er fyrirhuguð 24. ágúst. Lagt verður af stað frá Flúðum kl. 10:00. Ekið verður að Forsæti í Flóa og Tré og List skoðað. Aðgangseyrir er 80-800kr. Að því loknu verður ekið í Vatnsholt og snæddur hádegisverður sem kostar 2490 kr á mann. Þaðan verður haldið í Byggðasafn Árnesinga. Þar er aðgangseyrir 1000 kr. Að því loknu verður drukkið kaffi á góðum stað

Þátttaka tilkynnist fyrir 19. ágúst til:

Gunnu í Sunnuhlíð s:894-7936

Ellu Gísla: 866-5855



Fótaaðgerðarstofan Heimalandi auglýsir!

Er við á miðvikudögum

Pantanir í síma: 863 0433.

Athugið!! gjafakort til sölu.

Allir velkomnir!


Sólveig Jóhannsdóttir Löggiltur fótaaðgerðarfræðingur



Hrunamannahreppur

óskar eftir tveimur einstaklingum til að sjá um félagsstarf eldri borgara í Heimalandi frá október til aprílloka.

Upplýsingar hjá sveitarstjóra á skrifstofunni í síma 480 6600 netfang: jon@fludir.is



Þökkum öllum sem komu að 17.júní hátíðarhöldunum, bæði gestum og aðstoðarfólki, kærlega fyrir sitt

framlag

Með bestu kveðju

17.júní nefndin.



Símanúmer Heilsugæslustöðvarinnar
í Laugarási **432-2770.**
Aðalnúmer Heilbrigðisstofnunar á Selfossi **432-2000**

Flutningaþjónusta Unnars



Sími: 856 1580 • Netfang: vondull@simnet.is



RAFMAGNSVERKSTÆÐI
JENS OG RÓBERTS

TÖKUM AÐ OKKUR:
ALLA ALMENNA
RAFVIRKJAPJÓNUSTU



SJÁUM UM TEIKNINGU
OG HÖNNUN
RAFLAGNA

SMÆRRI JAFNT SEM
STÆRRI VERKEFNI.

JENS PÉTUR JÓHANSSON
893-7101
RAFJENS@EYJAR.IS

RÓBERT EINAR JENSSON
899-9554
ROBBIRAF@SIMNET.IS



Smárafréttir



Landsmót hestamanna fór fram á Hólum í Hjaltadal í sumar, um 8000 manns sóttu mótið þegar mest var. Almenn ánægja var með mótið þótt veðurguðirnir hefðu geta verið mildari við okkur, en Skagfirðingar stóðu sig vel og er vonandi að Landsmót hestamanna verði haldið aftur á Hólum í framtíðinni. Hestamannafélagið Smári sendi sína fulltrúa á LH og stóðu þeir sig með prýði. Heilmargir félagsmenn Smára og aðrir hreppmenn skelltu sér norður að Hólum, til að sjá fallega hesta, hitta vini og kunningja og jafnvel taka lagið með Skagfirðingum. Hestamannafélagið Smári þakkar Skagfirðingum og öllum þeim sem stóðu að mótinu kærlega fyrir gott mót.

Árangur félagsmanna Smára á LH voru:

Barnaflokkur: börnin okkar komust öll í milliriðill, staða eftir milliriðill voru þessi. Engin komst í úrslit en árangur mjög góður hjá þeim á þessu sterka móti.

Pórey Pula Helgadóttir og Þöll frá Hvammi 8.32 - úr forkeppni 8.39

Þorvaldur Logi Einarsson og Ísdögg frá Miðfelli 8.11 - úr forkeppni 8.38

Aron Ernir Ragnarsson og Ísadór frá Efra-Langholti 7.90 - úr forkeppni 8.48

Ungmennaflokkur: Ungmennin okkar stóðu sig vel þótt engin kæmist í milliriðill eða úrslit í þessum sterka flokki.

Björgvin Viðar Jónsson og Þráinn frá Selfossi 8.28

Gunnlaugur Bjarnason og Hátíð frá Hlemmiskeiði 3. 8.26

Guðjón Örn Sigurðsson og Þeyr frá Akranesi 8.15

B flokkur gæðinga: Í milliriðill komust Jaðarsmerarnar

Dáð frá Jaðri og Sigurður Sigurðarson 8.49 - úr forkeppni 8.58

Védís frá Jaðri og Ólafur Ásgeirsson 8.36 - úr forkeppni 8.74

Ingunn Birna Ingólfssdóttir og Þryma frá Ólafsvöllum fengu 8.39 úr forkeppni

A flokki gæðinga: Fulltrúar Smára komumst ekki áfram í milliriðill eða úrslit en stóðu sig með stakri prýði.

Agnes Hekla Árnadóttir og Sleipnir frá Lynghóli 8.37

Finnur Jóhannsson og Teigur frá Ásatúni 8.29

Hestamannafélagið Smári þakkar öllum þátttakendum fyrir og hlökkum til næsta landsmóts sem verður haldið í Reykjavík árið 2018.

Fyrir hönd stjórnar, Hulda Hrönn Stefánsdóttir





Opið gæðinga og tölmót Smára og Loga fór fram helgina 23 – 24. júlí, góð þátttaka var á mótinu og komu keppendur víða að. Er þetta í annað sinn sem hestamannafélögin Smári og Logi halda opið gæðinga og tölmót þessa helgi. Höfum við fengið mjög góð viðbrögð við þessu móti og munum við halda þessu samstarfi áfram. Við þökkum öllum sem stóðu að mótinu kærlega fyrir hjálpina og samverunna. Styrktaraðilar mótsins voru eftirfarandi: Atlantik, Baldvin og Þrovaldur, Tolt.nu, Dýralæknamíðstöðin ehf, Geysisholt, Lífland, Sprettur Áburður, Flúðir Icelandair Hotels, Dýrargarðurinn Slakki, Skjól og Bjarnabúð. Við þökkum þeim kærlega fyrir stuðninginn.

100 þúsund krónur voru í verðlaun fyrir 1. sætið í tölti fullorðinna, glæsihrýssan Skógardís frá Blesastöðum 1 A og Magnús Trausti Svavarsson tóku með sér umslagið heim eftir hörkukeppni.

Bæði Smári og Logi verðlauna sína félagsmenn fyrir besta árangurinn í hverjum flokki. Þeir sem hlutu þau verðlaun eru:

Fyrir Smára: Í barnaflokki Þórey Þula Helgadóttir og Topar frá Hvammi sem efsti Smárafélagi og hlaut hún einnig verðlaun fyrir ásetu og stjórnun.

Í unglingaflokki Hekla Salóme Magnúsdóttir og Partur frá Byggðarhorni sem efsti Smárafélagi, hlaut hún einnig verðlaun fyrir ásetu og stjórnun.

Í ungmennaflokki Björgvin Viðar Jónsson og Þráinn frá Selfossi sem efsti Smárafélagi.

Í B- flokki gæðinga Dáð frá Jaðri og Sigurður Sigurðarson sem efsta hross í eigu Smárafélaga.

Í A-flokki gæðinga Ída frá Hlemmiskeiði 3 sem er einungis 5.vetra gömul og Sigursteinn Sumarliðason sem efsta hross í eigu Smárafélaga. En þau hlutu hina glæsilegu hreppasvipu sem er einn elsti verðlaunagripur í sögu hestamannafélaga. Var gaman að sjá þegar þau tóku lokasprettinn með svipuna á lofti eins og hefð er fyrir.

Fyrir Loga: Finnur Jóhannesson fékk bæði A og B flokksstytturnar , verðlaun fyrir 100 metra skeið og einnig riddarabikarinn.

Í unglingaflokki fékk Sölvi Freyr Freyðisarson og Gæi frá Svalbarðseyri töltbikarinn, gæðingabikarinn og knapabikarinn.

Niðurstöður úrslita

A flokkur

- Atlas frá Lýsuhóli og Jóhann Kristinn Ragnarsson 8,74
- Frigg frá Hvolsvelli og Elvar Þormarsson 8,61
- Stemma frá Bjarnarnesi og Ragnheiður Samúelsdóttir 8,58
- Nasa frá Sauðárkróki og Nína María Hauksdóttir 8,52
- Ída frá Hlemmiskeiði 3 og Sigursteinn Sumarliðason 8,41
- Kraftur frá Breiðholti í Flóa og Bjarni Sveinsson 8,40
- Oddaverji frá Leirubakka og Matthías Leó Matthíasson 8,38
- Tildra frá Kjarri og Ragnheiður Samúelsdóttir 7,74



- Sigurbjörg Bára Björnsdóttir og Fagri blakkur frá Vorsabæ II 8,34
- Margrét Halla Hansdóttir Lög og Paradís frá Austvaðsholti 1 8,26
- Elín Sara Færseth og Hreyfing frá Þóreyjarnúpi 8,15

Skeið 100m (flugskeið)

- Finnur Jóhannesson og Tinna Svört frá Glæsibæ 8,04 sek
- Glódís Rún Sigurðardóttir og Blikka frá Þóroddsstöðum 8,11 sek
- Védís Huld Sigurðardóttir og Fálki (Taktur) frá Stóra-Hofi 8,30 sek
- Bjarni Birgisson og Stormur frá Reykholti 8,90 sek
- Arnar Heimir Lárusson og Kormákur frá Þykkvabæ I 9,27 sek
- Jón Ó. Guðmundsson og Seifur frá Flugumýri II 9,33 sek
- Guðjón Örn Sigurðsson og Lukka frá Úthlíð 9,85 sek
- Guðjón Sigurðsson og Rauður frá Kolsholti 3 11,49 sek

Tölt T3

Barnaflokkur

- Guðný Dís Jónsdóttir og Roði frá Margrétarhofi 7,22
- Þórey Þula Helgadóttir og Þöll frá Hvammi I 6,17
- Aron Ernir Ragnarsson og Ísadór frá Efra-Langholti 6,06
- Þorvaldur Logi Einarsson og Sigurrós frá Miðfelli 2 5,39
- Hjörtur Snær Halldórsson og Mördur frá Halldórsstöðum 4,00
- Valdimar Örn Ingvarsson og Glódís frá Fjalli 2 3,89

Tölt T3

Ungmennaflokkur

- Hrafnhildur Magnúsdóttir og Eyvör frá Blesastöðum 1A 6,56
- Kristín Hermannsdóttir og Þokkadís frá Rútsstaða-Norðurkoti 6,44
- 3-4 Finnur Jóhannesson og Körtur frá Torfastöðum 6,28
- 3-4 Þorsteinn Björn Einarsson og Kliður frá Efstu-Grund 6,28
- Sigurbjörg Bára Björnsdóttir og Baldur frá Vorsabæ II 5,89



B flokkur

- Hrafn frá Breiðholti í Flóa og Bjarni Sveinsson 8,88
- Dáð frá Jaðri og Sigurður Sigurðarson 8,68
- Védís frá Jaðri og Ólafur Ásgeirsson 8,61
- Nanna frá Leirubakka og Matthías Leó Matthíasson 8,58
- Leikur frá Glæsibæ 2 og Vilborg Smáradóttir 8,47
- Framtíð frá Hvolsvelli og Elvar Þormarsson 8,45
- Helga Möller frá Hlemmiskeiði 3 og Sigursteinn Sumarliðason 8,40
- Hátíð frá Hlemmiskeiði 3 og Gunnlaugur Bjarnason 8,33

Barnaflokkur

- Guðný Dís Jónsdóttir og Roði frá Margrétarhofi 8,82
- Védís Huld Sigurðardóttir og Kamban frá Húsavík 8,80
- Þórey Þula Helgadóttir og Topar frá Hvammi I 8,55
- Aron Ernir Ragnarsson og Ísadóttir frá Efra-Langholti 8,53
- Herdís Björg Jóhannsdóttir og Aron frá Eystri-Hól 8,32
- Valdimar Örn Ingvarsson og Kóngur frá Fjalli 8,07
- Inga Vildís Þorkelsdóttir og Fiðla frá Skipholti III 8,07
- Hjörtur Snær Halldórsson og Mördur frá Halldórsstöðum 0,00

Unglingaflokkur

- Sölvi Freyr Freydísarson og Gæi frá Svalbarðseyri 8,40
- Bergey Gunnarsdóttir og Gimli frá Lágmúla 8,39
- Hekla Salóme Magnúsdóttir og Partur frá Byggðarhorni 8,01
- Einar Ágúst Ingvarsson og Snerpa frá Fjalli 2 7,92

Ungmennaflokkur

- Glódís Helgadóttir og Hektor frá Þórshöfn 8,69
- Björgvin Viðar Jónsson og Þráinn frá Selfossi 8,54
- Nína María Hauksdóttir og Sproti frá Ytri-Skógum 8,54
- Hrafnhildur Magnúsdóttir og Eyvör frá Blesastöðum 1A 8,50
- Kristín Hermannsdóttir og Þokkadís frá Rútsstaða-Norðurkoti 8,39

Tölt T3

Unglingaflokkur

- Hekla Salóme Magnúsdóttir og Tinna frá Blesastöðum 1A 6,00
- Sölvi Freyr Freydísarson og Gæi frá Svalbarðseyri 5,83
- Bergey Gunnarsdóttir og Flikka frá Brú 5,56
- Einar Ágúst Ingvarsson og Snerpa frá Fjalli 5,11

Tölt T3

Opinn flokkur B-úrslit

- Bjarni Sveinsson og Hrappur frá Selfossi 7,11
- 2-3 Vilborg Smáradóttir og Leikur frá Glæsibæ 2 6,72
- 2-3 Ólöf Rún Guðmundsdóttir og Dögun frá Haga 6,72
- Ingi Guðmundsson og Sævar frá Ytri-Skógum 6,61

Tölt T3

Opinn flokkur A-úrslit

- Magnús Trausti Svavarsson og Skógardís frá Blesastöðum 1A 7,56
- Elvar Þormarsson og Katla frá Fornusöndum 7,50
- Bjarni Sveinsson og Hrappur frá Selfossi 7,39
- Guðjón Sigurðsson og Lukka frá Bjarnastöðum 7,39
- Ólafur Ásgeirsson og Védís frá Jaðri 7,22
- Sigurður Sigurðarson og Garpur frá Skúfslæk 6,94



Verslunarmannahelgin í Hrunamannahreppi 2016

Nú er ný afstaðin verslunarmannahelgin 2016 sem að þessu sinni var ein sú fjölsóttasta í okkar sveitarfélagi hingað til. Veður var einstaklega gott sem varð til þess að enn fleiri ferðalangar lögðu leið sína hingað til okkar en ella. Gestir okkar dvöldust á tjaldsvæðum og í sumarhúsum í uppsveitum sýslunnar þessa helgi, auk þess sem heimamenn og aðrir gestir sóttu þá fjölbreyttu dagskrá sem í boði var fyrir alla fjölskylduna.

Eftir að helginni lauk settust þeir aðilar niður sem komu með einum eða öðrum hætti að umsjón og utanumhaldi helgarinnar og fóru yfir málin. Farið var farið yfir þau atriði sem þóttu takast vel og einnig þau sem betur hefðu mátt fara og læra má af. Þessir aðilar voru að mestu leyti sáttir við helgina en ljóst er að alltaf má gera betur.

Gæsla var öflug þar sem björgunarfélagið Eyvindur sinnti almennri gæslu allar nætur auk sjúkragæslu alla dagana. Ein sjúkrabifreið frá Hsu var til taks á svæðinu alla helgina. Lög-reglan var með viðbúnað eins mikið og henni var unnt, en hefði gjarnan viljað vera fjölmennari á svæðinu. Staða lögreglunnar þessa helgi var sú að í sýslunni allri var saman kominn mikill fjöldi fólks og því mörgum verkefnum að sinna á viðfeðmu svæði. Því miður var nokkuð um fíkniefnamál, líkt og víðar á landinu á samkomum sem þessum og er sú þróun orðinn dapurlegur og neikvæður fylgífiskur slíkra viðburða.

Nokkur umræða hefur skapast um ruslamál á tjaldsvæðinu og þá einkum á svæðinu nær flugvellinum. Nú er það svo að sumum gestum okkar reyndist töluvert erfitt að halda sínu nánasta umhverfi snyrtilegu, þrátt fyrir nálæg ílát og aðrar ráðstafanir sem gerðar voru. Við þessu ástandi var brugðist strax eftir lok helgarinnar með hreinsun.

Sveitarfélagið samdi við körfuboltadeild UMFH um ruslatínslu á opnum svæðum innan þéttbýlisins yfir helgina. Fulltrúar deildarinnar stóðu sig með miklum sóma og eiga þakkir skyldar fyrir framlag sitt. Auk styrksins við hreinsunina fær deildin í sinn hlut tekjur af skilagjaldi umbúða sem til fella og kemur það sér eflaust vel í öflugu starfi deildarinnar. Þau fyrirtæki innan sveitarfélagsins sem byggja tilveru sína á ferðaþjónustu höfðu í nógu að snúast alla helgina og mörg þeirra sáu sölutoppa sem ekki hafa áður sést um verslunarmannahelgi. Helgin er því mörgum rekstraraðilum afar mikilvæg og rennir styrkari stöðum undir rekstur þeirra.

Það er ljóst að ekki eru allir íbúar sveitarfélagsins sammála um kosti þess að skipuleggja hér viðburði sem draga að fjölda fólks og er það skiljanlegt.

Nú er það stadreynd að Flúðir og nágrenni draga til sín fjölda fólks þessa helgi, hvort sem um skipulagða dagskrá er að ræða eða ekki. Það er mat þeirra sem rýnt hafa í afrakstur helgarinnar að heppilegra sé að um hana sé sköpuð umgjörð þar sem m.a. er hugað að gæslu og fleiri atriðum sem hafa þarf í huga þegar svo margir gestir sækja okkur heim.

Helgi sem þessi gefur heimafélki tækifæri til að vera með sölubása og aðra tengda þjónustu og gaman hefði verið ef fleiri heimamenn hefðu nýtt sér það, en eflaust gefst annað tækifæri til þess að ári.

Eftir því sem næst verður komist skemmtu gestir helgarinnar sér vel og héldu glaðir heim á leið. Við skulum nýta okkur það jákvæða sem helgin gaf og lagfæra þau atriði sem hægt er að laga fyrir næstu verslunarmannahelgi og í sem mestri sátt við alla sem hagsmuna eiga að gæta.

Við viljum að lokum þakka öllum þeim sem komu að skipulagningu og framkvæmd viðburða um verslunarmannahelgina og þá sérstaklega Bergsveini Theódórssyni og hans fólki fyrir þeirra starf og góða samvinnu.

Halldóra Hjörleifsdóttir oddviti og Unnsteinn Logi Eggertsson varaoddviti.